



## 6. Frágangur á þökum



Þaksperrum komið fyrir.



Þaksperrur steypar í vegg.



Þaksperrur steypar í vegg.

### Almennt.

Sperrur eru ýmist steypar í vegg eða komið fyrir eftir uppsteypu. Eftirtaldir þrjár aðferðir hafa verið notaðar.

### Þaksperrur steypar í vegg.

Þegar efstu mótunum hefur verið komið fyrir er láréttur leiðari skrúfaður innan á vegginn til að halda undir þaksperrurnar. Þá er skorið úr efstu mótunum fyrir sperrum og þeim komið fyrir. Loftunarrörum er stungið í gegnum mótin á milli sperra og járnteinar eru beygðir yfir þær.


Einnig hafa menn borað fyrir járnteinunum í sperrurnar og þeir reknir í gegnum sperrurnar. Staðsetning á borgötunum verður að vera rétt. Æskilegt er að þau séu dálítið fyrir neðan miðja sperru.



Borað fyrir járntein í sperrurnar.



Mót sniðin á milli sperra.




Sperrur á reim.

Járnteinn er þræddur á milli sperra og síðan er mótunum raðað á milli þeirra.


Þegar járnteinunum hefur verið komið fyrir eru mótin sniðin á milli sperra. Eftir að búið er að festa mótunum og stilla þau af er hægt að steypa þaksperrurnar fastar.

### Sperrur á vegglægju(reim).

Eftir að veggurinn hefur verið steypdur upp undir sperrur er vegglægja sett ofan á hann. Henni er fest með múrboltum. Byggingarvinklum er nú komið fyrir og sperrum fest í þá. Að lokum þarf að klæða á milli sperra með plötum.



Sperrur í stólum.



Stillas við utanverðan vegg.

### Sperrur í stólum.

Áður en veggurinn er steypur upp undir sperrur er stólum komið fyrir í mótunum. Stólarnir stilltir af og veggurinn steypur. Þá þarf að klæða á milli sperra með plötum.

Stillas reystur við utanverðan útvegg kemur bæði að notum við að steypa vegg og þegar unnið er við sperrur og þak.